

# Guðbjörn Jónsson

Alþingi

Erindi nr. P/22/1523

komudagur 26. 3. 98

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
c/o Áslaug Árnadóttir  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

Þó ekki hafi verið óskað umsagnar minnar um frumvarp til áfengislaga, hvorki frá Alþingi né vinnuveitanda mínum, Félagi starfsfólks í veitingahúsum (FSV), ætla ég að leyfa mér að senda inn fáeinar línur um álit mitt á því. Ég harma að ekki hafi verið óskað eftir reynslu minni við vinnslu þessa frumvarps eða álitagerð FSV á því. Ég tel mig ekki fara með neinar ýkjur þó ég segi að enginn einn maður hafi meiri yfirsýn yfir hnökra og brotalamir í starfsemi veitinga- og skemmtistaða á höfuðborgarsvæðinu en ég hef. Í rúmlega fjögur ár hef ég tekist á við mikinn fjölda álitamála á þessum vettvangi í starfi mínu á launa og kjaramálasviði FSV og innheimt vel á fjórða tug milljóna í sviknum launum. Að mestu leiti hef ég verið einn í þessu starfi og áhugi stjórnar félagsins og annarra starfsmanna á því afar takmarkaður. Vegna rekstrarþekkingar minnar verð ég, nánast daglega, var við fjölþætta brotastarfsemi þessara fyrirtækja. Ég tel því að það sem ég set hér fram sé afar gagnlegt til að gera lögin skilvirkari, út frá þeim aðstæðum sem fyrir eru í atvinnugreininni. Eftirfarandi atriði teldi ég mikla þörf á að athuga.

4. málsg. 13. gr. öðruvísi. Hún hefst á þennan hátt. „Taki nýr aðili við rekstri veitingastaðarins ....“ Ég hefði viljað orða þessa málsgrein á eftirfarandi hátt.

Áður en nýr aðili tekur við rekstri veitingastaðar, breytt er um heiti eða kennitölu leyfishafa sem hefur leyfi samkvæmt lögum þessum, skal sótt um nýtt leyfi. Meðan sú umsókn er til meðferðar má sveitarstjórn gefa út leyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og fyrri leyfi, séu engir augljósir annmarkar á útgáfu varanlegs leyfis. Breytingar á eign, rekstrarábyrgð, nafni eða kennitölu eru óheimilar fyrr en bráðabirgðaleyfi er fengið.

Með því að orða þessa málsgrein svona væru komnar skýrar línur í framkvæmd eigna- eða rekstraraðilaskipta. Í dag gerist þetta á þann hátt að iðulega eru eigendaskipti ákveðin mjög snögglega. Jafnvel svo að starfsfólk veit ekki fyrr en við næstu útborgun að það er farið að vinna hjá nýjum vinnuveitanda. Iðulega er ekki sótt um leyfi fyrr en langt er liðið á sex mánaða tímann sem yfirleitt er túlkað að nýr aðili megi reka starfsemi á leyfi fyrri eiganda. Oft er því afar erfitt að fá haldgóðar upplýsingar um hver sé ábyrgur fyrir rekstrinum. Stundum verða mörg eigendaskipti án þess að sótt sé um ný leyfi. Ég lít því svo á að afar nauðsynlegt sé að taka skýrt fram í lögnum að sækja skuli um leyfi áður en breytingar eiga sér stað. Það ætti að veita gagnlegt aðhald.

Í síðustu setningu, síðustu málsgreinar, 13. gr. segir. „Taki nýr stjórnandi við rekstri staðarins skal það tilkynnt lögreglustjóra.“ Hér hlýtur að hafa orðið misritun, því hér hlýtur augljóslega að vera átt við tilkynna skuli til leyfisveitanda sem er sveitarfélagið. Ástæðulaust ætti að vera að leggja þá lykkju á leið tilkynningarinnar með því að láta hana fyrst berast lögreglustjóra áður en hún berst til útgefanda leyfisins, því það hlýtur að vera útgefandi leyfisins sem á að taka afstöðu til breytingarinnar og samþykkja hana eða hafna.

Í 3. málsg. 14. gr. sem hefst svona „*Heimilt er að synja útgáfu leyfis o.s.frv.*“ eru talin upp atriði sem umsekjandi má ekki skulda. Þar er talað um skatta, opinber gjöld og iðgjöld til líffeyrissjóðs. Allt er þetta ágætt út af fyrir sig. Ég vil þó vekja athygli á að þessir aðilar, þ.e. ríki, sveitarfélag eða líffeyrissjóður eiga ekki nema örflilla hagsmuna að gæta, sé litið á málið út frá áhrifum á fjárstreymi, miðað við það fólk sem hugsanlega gæti átt ógreidd laun. Það hefði þá orðið fyrir 100% skerðingu á innstreymi fjármagns en skerðing hjá þeim aðilum sem ætlunin er að tryggja samkvæmt texta frumvarpsins væri vart mælanleg sem hlutfall af heild. Einnig finnst mér vanta í upptalningu laga sem brotin hafi verið, að lög um veitinga- og gististaði séu þar með. Í þeim lögum er engin bein skylda að svipta menn leyfi þó þeir hafi brotið af sér, heldur segir í 7. gr. þeirra laga: „*Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi er hann hefur veitt.*“ Í b. lið er svo sagt. „*ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot á lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.*“

Þarna er einungis um heimildarákvæði að ræða. Ég lít svo á að þar sem t.d. lögreglustjóraembættið í Reykjavík, þar sem flestir rekstraraðilarnir eru, er sjálft orðið svo margbrotlegt gagnvart lögnum um veitinga- og gististaði og reglugerðinni sem sett er við þau lög, þá geti það illa beitt sér til aðhalds. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að fella inn í 3. málsg. 14. gr. þessara laga, ákvæðið um að leyfishafi hafi ekki brotið lögum um veitinga- og gististaði. Ég hefði haft 3. málsg. svona.

Heimilt er að synja útgáfu leyfis til áfengisveitinga þegar hlutaðeigandi skuldar skatta, opinber gjöld, iðgjöld í líffeyrissjóð eða ef ógreidd laun eru til innheimtu hjá stéttarfélagi og samanlögð fjárhæð þessara skulda nemur hærri fjárhæð en 500.000 kr. Sama gildir ef hlutaðeigandi hefur á undanförunum fimm árum verið dæmdur til sektar eða refsingar vegna brots á almennum hegningarlögum, lögum þessum, lögum um veitinga- og gististaði, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum: um tekjuskatt og eignaskatt, um virðisaukaskatt, um staðgreiðslu opinberra gjalda, um gjald af áfengi eða um tryggingagjald, og ástæðurnar eiga við: (a. b. og c. í frumvarpinu.)

Vikjum nú að síðustu málsgrein 14. gr. Þar segir í lokasetningu. „*Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar áfengis - og vímuevarnaráðs og Sambands veitinga- og gistihúsa.*“ Hér tel ég að mönnum hafi óviljandi orðið alvarlega á við textun þessarar málsgreinar. Samband veitinga- og gistihúsa (SVG.) er einungis lítil hluti allra þeirra veitinga og skemmtistaða sem hafa vínveitingar á höfuðborgarsvæðinu, eða 52 af u.þ.b. 200 vínveitingastöðum. Veitingaleyfi veitingahúsa á höfuðborgarsvæðinu eru hins vegar nokkuð á fjórða hundruðið. Mikill fjöldi rekstraraðila er því ekki aðilar að þessu sambandi. Með því að gert sé skylt í lögum þessum að leitað sé umsagnar SVG. er verið að heimila þeim að veita umsögn um samkeppnisáðila félagsmanna sinna. Síft tel ég augljóst að brjóti í bága við hlutleysisreglu og jafnvel samkeppnislög. Mun ég vekja athygli Samkeppnisstofnunar á þessu atriði.

Einnig vil ég vekja athygli á að í þessari sömu málsgrein eru talin upp atriði sem eiga að vera í reglugerð við þessi lög. Öll þau atriðin, að frátöldum tveim, varða kjarasamninga eða lög um aðbúnað starfsmanna. Hagsmunir SVG. eru þar hverfandi litlir á móti hagsmunum stéttarfélaganna inna starfsgreinarinnar, sem gæta þurfa hagsmuna u.þ.b. þrjú til fjögur þúsund starfsmanna greinarinnar hér á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt lauslegri athugun sem ég hef gert, virðist meðal starfstími starfsmanns á veitinga- eða

skemmtistað á höfuðborgarsvæðinu vera u.þ.b. fimm mánuðir. Sé tekið mið af fjölda starfa og hins stutta starfstíma, er augljóst að hér er verið að tala um hagsmuni mikils fjölda fólks. Athuga ber að mikill meirihluti þessa starfsfólks er ungt fólk, innan við þrjátíu ára aldur, sem litla sem enga þekkingu hefur á baráttu fyrir réttindum sínum.

Þau atriði sem talin eru upp sem efnisatriði reglugerðar og ekki falla beinlínis undir kjarasamninga eða lög um aðbúnað starfamanna eru þessi. *Útgáfa leyfa*, sem er á forræði sveitarfélags, og *flokkun veitingastaða*, sem skilgreind er í lögum um veitinga- og gististaði. Þeirri flokkun verður í engu breytt samkvæmt þessum lögum, enda hvergi minnst á slíkt í texta laganna. Augljóst er því að umsagnaradili þarna á ekki að vera SVG. Þarna á að vera umsagnarpáttur frá stéttarfélagum innan starfsgreinarinnar. Það eru einu aðilarnir sem siðferðislega, lagalega og samningslega skylt að hafa eftirlit með þeim atriðum sem upp eru talin í málsgreininni, ef frá eru talin þau tvö atriði sem að framan er getið.

Ef tekið er mið af því ástandi sem ríkt hefur í þessari atvinnugrein, tel ég að framangreind atriði séu meginstoðir breytinga sem ég vildi sjá á frumvarpinu, skoðað út frá hagsmunum fólksins sem starfar innan þessarar greinar. Fleiri atriði mætti að sjálfsögðu nefna en þar sem ég líst svo á að aðrir muni fjalla um þau atriði, sem nær þeim eru en starfssvið mitt, læt ég hér staðar numið. Ég vænti þess að á þessar ábendingar veði litið með velvilja til þess fólks sem á hagsmuni sína undir lögum þessum og lýsi því yfir að ég bind miklar vonir við áform um að rekstraradilar leggi fram tryggingu. Það er vægast sagt hörmulegt að horfa upp á allan þann fjölda sem lendir í verulegum fjárhagserfiðleikum vegna vanefnda á launagreiðslum. Eins og nú er háttáð, taka innheimtuadgerðir iðulega heilt ár, eða jafnvel meira. Slíkt þolir venjulegt launafólk ekki. Einnig bind ég vonir við að stéttarfélagunum verði fenginn umsagnarréttur, því alvarlegar brotalamir hafa verið á eftirlit Vinnueftirlitsins með aðbúnaðarmálum starfsfólks á veitingastöðum og mörgum erindum sem ég hef sent hefur ekki verið svarað og engar breytingar orðið á aðbúnaði.

Með þakklæti og óskum um lög sem auðveldi öllum aðilum að starfa í sem augljósustu starfsumhverfi.

Virðingarfyllt.

Reykjavík 25. mars 1998

Guðbjörn Jónsson

